

Sveitarsjóður Akrahrepps

Ársreikningur 2018

Akrahreppur
Silfrastöðum
561 Varmahlíð

kt. 410169-3209

Sveitarsjóður Akrahrepps

Ársreikningur 2018

Efnisyfirlit.

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Áritun sveitastjórnar	4
Rekstrarreikningur.....	5
Efnahagsreikningur.....	6-7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Heildaryfirlit yfir rekstur	9
Skýringar	10-15

Áritun óháðs endurskoðanda

Til sveitarstjórnar Akrahrepps

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Akrahrepps fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins. Hann greinist í áritun sveitarstjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu Akrahrepps á árinu 2018, efnahag hans 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð Akrahrepp í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð sveitarstjórnar og oddvita á ársreikningnum

Sveitarstjórn og oddviti eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil sveitarfélaga. Sveitarstjórn og oddviti eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og oddvita að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka.

Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftifarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvisandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflun fullnaegjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á áliti okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Akureyri, 2. maí 2019

Deloitte ehf.

Aðalsteinn Sigurðsson
Aðalsteinn Sigurðsson

endurskoðandi

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn sveitarsjóðs Akrahrepps höfum yfirfarið ársreikning sveitarsjóðs Akrahrepps fyrir árið 2018. Við höfum fengið þær upplýsingar sem við höfum óskað eftir og sjáum engar ástæður til athugasemda. Með vísan til þess og áritunar endurskoðenda leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Akrahreppi, 2. maí 2019

Unnar Erla Sveinbjörnsdóttir.
Unnar Erla Sveinbjörnsdóttir

Rögnvaldur Ólafsson
Rögnvaldur Ólafsson

Áritun sveitarstjórnar

Sveitarstjórn Akrahrepps staðfestir hér með ársreikning sveitarsjóðs Akrahrepps fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Akrahreppi, 2. maí 2019

Hrefna Jóhannesdóttir
Hrefna Jóhannesdóttir
oddviti

Lára Gunnlaug Magnúsdóttir
Drífa Árnadóttir
Lára Gunnlaug Magnúsdóttir
Eyþór Einarsson
Eyþór Einarsson

Einar Gunnarsson
Einar Gunnarsson
Porkell Gíslason
Porkell Gíslason

Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
Tekjur			
Skatttekjur án framlaga jöfnunarsjóðs		87.972.942	78.675.972
Framlög jöfnunarsjóðs sveitarfélaga		101.082.943	92.633.155
Ýmsar tekjur		<u>1.812.394</u>	<u>65.250</u>
		<u>190.868.279</u>	<u>171.374.377</u>
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	8	10.316.208	9.296.687
Annar rekstrarkostnaður		<u>148.231.554</u>	<u>157.592.208</u>
		<u>158.547.762</u>	<u>166.888.895</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir		32.320.517	4.485.482
Afskriftir	3	<u>6.220.495</u>	<u>4.767.006</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir vexti		26.100.022	(281.524)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		<u>2.034.740</u>	<u>2.331.302</u>
Rekstrarniðurstaða		<u>28.134.762</u>	<u>2.049.778</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

Skýr. **31.12.2018** **31.12.2017**

Fastafjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteignir	3,4	<u>121.439.892</u>	<u>112.404.403</u>
		<u>121.439.892</u>	<u>112.404.403</u>

Áhættufjármunir og langtímakröfur

Eignarhlutar í félögum	5	<u>11.435.726</u>	<u>11.435.726</u>
		<u>11.435.726</u>	<u>11.435.726</u>

Fastafjármunir	<u>132.875.618</u>	<u>123.840.129</u>
-----------------------	---------------------------	---------------------------

Veltufjármunir

Skammtímakröfur

Óinnheimtar tekjur	6	<u>10.569.429</u>	<u>7.974.625</u>
Skammtímakröfur		<u>1.927.928</u>	<u>2.416.413</u>
		<u>12.497.357</u>	<u>10.391.038</u>

Handbært fé

Bankainnstæður	6	<u>150.968.438</u>	<u>137.417.541</u>
		<u>150.968.438</u>	<u>137.417.541</u>

Veltufjármunir	<u>163.465.795</u>	<u>147.808.579</u>
-----------------------	---------------------------	---------------------------

Eignir	<u>296.341.413</u>	<u>271.648.708</u>
---------------	---------------------------	---------------------------

31. desember 2018

Eigið fé og skuldir

Skýr.	31.12.2018	31.12.2017
-------	------------	------------

Eigið fé

Eigið fé	7	273.131.245	244.996.483
		<u>273.131.245</u>	<u>244.996.483</u>

Skuldir

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir	22.524.398	25.755.557
Aðrar skammtímaskuldir.....	<u>685.770</u>	<u>896.668</u>
	<u>23.210.168</u>	<u>26.652.225</u>
Skuldir	<u>23.210.168</u>	<u>26.652.225</u>

Eigið fé og skuldir 296.341.413 271.648.708

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Niðurstaða ársins		28.134.762	2.049.778
Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárdreymi:			
Reiknaðar afskriftir	3	<u>6.220.495</u>	<u>4.767.006</u>
Veltufé frá rekstri		<u>34.355.257</u>	<u>6.816.784</u>
Breytingar á skammtímalíðum:			
Aðrar skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		(2.106.319)	382.585
Skammtímakuldir, lækkun (lækkun)		<u>(3.442.057)</u>	<u>10.698.291</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>(5.548.376)</u>	<u>11.080.876</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>28.806.881</u>	<u>17.897.660</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	3	(15.255.984)	(5.261.718)
Afborgnir, langtímakrafna		<u>0</u>	<u>271.382</u>
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(15.255.984)</u>	<u>(4.990.336)</u>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		13.550.897	12.907.324
Handbært fé í upphafi árs		<u>137.417.541</u>	<u>124.510.217</u>
Handbært fé í lok árs		<u>150.968.438</u>	<u>137.417.541</u>

Rekstraryfirlit ársins 2018

Aðalsjóður	Rekstrar-niðurstaða	Tekjur samtals	Skatt-tekjur	Framlög jöfnunar-sjóðs	Aðrar tekjur	Rekstrar-gjöld samtals	Laun og launateigd gjöld	Annar rekstrar-kostnaður	Inni-húsaleiga	Afskriftir	Fjármagns-liðir nettó
00 - Skatttekjur	189.081.885	189.081.885	87.972.942	101.082.943	26.000	0	13.006.441	5.247.117	7.738.630	20.694	0
02 - Félagsþjónusá	(13.006.441)	0				777.318	0	398.000	379.318		
03 - Heilbrigðismál	(777.318)	0					0	100.460.120	9.592.263		
04 - Freðslu- og uppeldismál	(110.053.383)	0				110.053.383	0	4.035.484	12.627.106		
05 - Menningarmál	(16.662.590)	0				16.662.590	0				
06 - Æskulýðs- og löðratamal	(15.800.211)	0				15.800.211	0	9.136.982	6.663.229		
07 - Brunamál og almannavarnir	(3.883.252)	0				3.883.252	0	3.251.817	631.435		
08 - Hreinlatismál	(4.298.370)	0				4.298.370	0	4.298.370	0		
09 - Skipulags- og byggingamál	(1.805.258)	0				1.805.258	0	1.805.258	0		
10 - Umferðar- og sangögumá	(28.162)	0				28.162	0	28.162	0		
11 - Umhverfismál	(1.229.101)	0				1.229.101	0	1.229.101	0		
13 - Altvinnunamál	(2.914.755)	0				2.914.755	0	1.749.501	1.165.254		
21 - Sameiginlegur kostnaður	(10.556.792)	0				10.556.792	5.069.091	4.520.678	967.023	0	
28 - Fjármagnsliðir	6.926.884	0				(6.926.884)	0	0	0	(6.926.884)	0
Aðalsjóður samtals	14.993.136	189.081.885	87.972.942	101.082.943	26.000	174.088.749	10.316.208	138.652.103	32.047.322	0	(6.926.884)
Aðrir sjóðir í A - hluta											
Eignasjóður Akrahrepps	13.141.626	33.833.716		33.833.716		20.692.090	9.579.451		6.220.495	4.892.144	
Milfarsíður	0	(32.047.322)		(32.047.322)		(32.047.322)	(32.047.322)		(32.047.322)		
Aðrir sjóðir í A -hluta	13.141.626	1.786.394	0	0	1.786.394	(11.355.232)	0	9.579.451	(32.047.322)	6.220.495	4.892.144
Samstæðureikningur A -hluta	28.134.762	190.868.279	87.972.942	101.082.943	1.812.394	162.733.517	10.316.208	148.231.554	0	6.220.495	(2.034.740)

Skýringar

Almennar upplýsingar

- Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, nr. 138/2011, lög um ársreikninga, nr 3/2006, lög um bókhald nr. 145/1994, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingum um reikningsskil sveitarfélaga nr. 790/2001.

Starfsemi sveitarfélaga er almennt skipt í a og b-hluta, en starfsemi Akrahrepps fellur alfarið undir a-hluta og því er ekki um neinn b-hluta að ræða. Til a-hluta telst sveitarsjóður, sem er Aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð.

Helstu reikningsskilaaðferðir

- Ársreikningurinn er í samræmi við lög og reglur og viðtekna reikningsskilavenju sveitarfélaga á Íslandi. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Ársreikningur sveitarsjóðs

Ársreikningur sveitarsjóðs tekur til Aðalsjóðs og Eignasjóðs. Í ársreikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda sveitarsjóð færð út.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Áhættustjórnun

Engir framvirkir gjaldmiðlasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félaginu.

Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlag úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattígildi, svo sem lóðarleiga.

Útsvar er tekjfært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjfærðar við álagningu þeirra.

Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna. Þjónustutekjur eru tekjfærðar þegar þjónusta hefur verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjfærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Skýringar

Helstu reikningsskilaaðferðir (framhald)

Lotun gjalda

Gjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður meðal fjármagnsliða í rekstrarreikningi.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því timabili sem hann fellur til.

Niðurfærslur eigna

Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á reikningsárinu er færð í rekstrarreikning.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteignir og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir sveitarsjóðs eru nú færðir á matsverði sbr. viðmiðun Félagsmálaráðuneyti eða framreiknuðu kostnaðarverði til ársloka 2001 að frádreginni álegri afskrift sem miðuð er við áætlaðan líftíma eignanna. Frá og með árinu 2002 eru varanlegir rekstrarfjármunir ekki framreiknaðir. Kostnaðarverð varanlegra resktrarfjármuna samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði sem hlýst af öflun þeirra og endurbótum.

Afskriftir eru reiknaðar af stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna að frádregnum framlögum til þeirra og gjaldfærðar línulegri afskrift á áætluðum endingartíma eignanna. Afskriftartími eigna hefst þegar þær eru teknar í notkun. Ef rekstrarfjármunur er enn í notkun eftir að afskriftartíminn er á enda, er skilið eftir niðurlagsverð sem samsvarar eins ár afskrift, en þó ekki meira en sem svarar til 10% af stofnverði. Áætlaður nýtingartími eignanna greinist þannig:

Fasteignir..... 40 ár

Eignarhlutar í félögum

Frá 1. janúar 2002 eru eignarhlutar sveitarsjóðs í öðrum félögum færðir á kostnaðarverði í ársreikningi sveitarsjóðs og frá sama tíma er ekki færð hlutdeild í afkomu þeirra í reikningsskilum hans þar sem fyrst og fremst er verið að draga fram ráðstöfun skatttekna í ársreikningi sveitarsjóðs. Bólfærðu verði eignarhluta sem voru í eigu sveitarsjóðs í árslok 2001 hefur ekki verið breytt.

Eignir utan efnahags

Fjallskilasjóður Akrahrepps, að frátöldum gangnamannaskála, og Minningarsjóður Skarphéðins Símonarsonar eru eignir sveitarfélagsins sem ekki eru bólfærðar í efnahagsreikningi.

Skýringar

Helstu reikningsskilaaðferðir (framhald)

Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar eins og lánakjör segja til um. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar á meðal veltufjármuna. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra, sbr. kafla hér framar um niðurfærslu eigna.

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði auk áfallinna vaxta ef um vaxtaberandi kröfur er að ræða. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af innstæðum í bönkum og sambærilegum eignum sem eiga það sameiginlegt að vera handbærar innan þriggja mánaða.

Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og áfallinna vaxta ef um vaxtaberandi skuldir er að ræða.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

3. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Samtals
Stofnverð í ársbyrjun.....	460.530.861	460.530.861
Afskrifað áður	(348.126.458)	(348.126.458)
Bókfært verð í ársbyrjun.....	112.404.403	112.404.403
Viðbót á árinu.....	15.255.984	15.255.984
Afskrifað á árinu	(6.220.495)	(6.220.495)
Bókfært verð í árslok.....	121.439.892	121.439.892
Afskriftarhlutföll	0 - 2,5%	

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af framreknuðu kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu og færðar til gjalda á meðalverðlagi ársins.

4. Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Vátryggingamat	Bókfært verð
Fasteignir og lóðir	164.633.682	736.657.960	121.439.892
	164.633.682	736.657.960	121.439.892

Skýringar

Eignarhlutar í félögum

5. Eignarhlutar í félögum í árslok greinast þannig:

	Hlutdeild	Nafnverð	Bókfært verð
Norðlensk orka ehf.....	7,1%	4.260.000	4.260.000
Lánaþjóður sveitarfélaga ohf.....	0,1%	4.050.000	7.175.726
			11.435.726

Skammtímakröfur

6. Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu kr. 183.000. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting niðurfærslu skammtímakrafna á árinu greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun.....	183.000
Tekjufærð niðurfærsla á árinu.....	0
Afskrifaðar kröfur á árinu.....	0
	183.000

Skammtímakröfur greinast þannig:	2018	2017
Ýmsir viðskiptamenn.....	52.908	541.686
Óinnheimtur virðisaukaskattur.....	1.875.020	1.874.727
	1.927.928	2.416.413

Eigið fé

7. Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

	Fjárhæð
Yfirlæft frá fyrra ári.....	244.996.483
Hagnaður ársins.....	28.134.762
Eigið fé í árslok.....	273.131.245

Skýringar

Önnur mál

8. Laun og tengd gjöld greinast þannig:

	2018	2017
Laun	8.704.374	7.839.813
Launatengd gjöld	1.611.834	1.456.874
	<u>10.316.208</u>	<u>9.296.687</u>
Meðalfjöldi starfa	2,7	2,7

Heildarlaun og þóknanir til sveitarstjórnar og oddvita á árinu 2018 námu 4,3 milljónum króna.

Sjóðstreymi

9. Fimm ára yfirlit um sjóðstreymi á verðlagi hvers tímabils.

	2018	2017	2016	2015	2014
Hagnaður (tap) ársins.....	28.134.762	2.049.778	13.905.245	10.358.413	1.960.999
Afskriftir.....	6.220.495	4.767.006	4.240.834	4.399.634	4.276.600
Reiknaðir fjármagnsliðir.....	0	0	(10.886)	(19.787)	(9.970)
Aðrar breytingar.....	0	0	0	0	(161.174)
Hreint veltufé frá rekstri	34.355.257	6.816.784	18.135.193	14.738.260	6.066.455
Breyting á:					
Rekstrartengdum eignum.....	(2.106.319)	382.585	(3.019.383)	(2.109.691)	205.626
Rekstrartengdum skuldum.....	<u>(3.442.057)</u>	<u>10.698.291</u>	<u>(6.111.975)</u>	<u>(5.067.386)</u>	<u>2.368.595</u>
Handbært fé frá rekstri	28.806.881	17.897.660	9.003.835	7.561.183	8.640.676

Ábyrgð á láni

10. Sveitarsjóður Akrahrepps samþykkti að veita einfalda ábyrgð vegna lántóku Norðurá bs. hjá Lánaþjóði sveitarfélaga. Heildarlánið í árslok 2018 stendur í 390,1 m.kr. en ábyrgð Akrahrepps er veit sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrgðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluta í Norðurá bs. Til tryggingar ábyrgðinni standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68 gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem fellur undir lánhæfs verkefni sbr. 3 gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánaþjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Kennitölur

	2018	2017
11. Í hlutfalli við rekstrartekjur		
Skatttekjur.....	99,1%	100,0%
Laun og launatengd gjöld.....	5,4%	5,4%
Annar rekstrarkostnaður.....	77,7%	92,0%
Rekstrargjöld.....	83,1%	97,4%
Fjármagnsliðir, nettó.....	1,1%	1,4%
Rekstrarniðurstaða.....	14,7%	1,2%
Heildarskuldir.....	12,2%	15,6%

Skýringar

Kennitölur (framhald)

12. Í þúsundum króna á íbúa

Skatttekjur	936	883
Aðrar tekjur.....	9	0
Tekjur samtals.....	945	883
Rekstrargjöld.....	785	860
Rekstrarniðurstaða.....	139	11
Eignir.....	1.467	1.400
Eigið fé.....	1.352	1.263
Skuldri.....	115	137

13. Aðrar lykiltölur

Veltufjárhlfall - veltufjármunit/skammtímaskuldir.....	7,04	5,55
Eiginfjárhlfall - eigið fé/heildarfjármagn.....	0,92	0,90
Handbært fé frá rekstri / afkoma.....	1,02	8,73

14. Íbúafjöldi

Í ársþyrjun.....	194	196
Breyting á árinu.....	8	(2)
Í árslok.....	202	194